

32. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 28. febrúar 2021 í ráðhúsinu á Flúðum og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu: Kolbrún Haraldsdóttir, sem setti fund og stjórnaði honum í forföllum Aðalsteins Þorgeirssonar formanns. Einnig sátu fundinn Elsa Ingjalddóttir, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason í fjarfundi, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Verðkönnun á niðursetningu hreinsistöðvar.

Lagt var fram minnisblað Barkar Brynjarsonar frá Hvata ráðgjöf um niðurstöðu verðkönnunar fyrir niðursetningu hreinsistöðvar í Gröf. Þrjár aðilar skiluðu verðum í verkið, Flúðaverktakar kr. 13.115.480, Gröfutækni kr. 12.194.000 og Fögrusteinar kr. 12.645.000. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 15.114.000. Veitustjórn samþykkir að ganga til samninga við lægstbjóðanda, Gröfutækni.

2. Skoðunarferð:

Skoðunarferð frestað til næsta fundar.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 17:50.